

Rangárþing ytra  
Suðurlandsvegur 1-3  
850 Hella

Reykjavík, 17. ágúst 2023  
UST202307-228/B.S.  
10.04.03

### **Efni: Deiliskipulag - Sigöldustöð. Umsögn**

Vísað er til erindis Rangárþings ytra dags. 19. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreint deiliskipulag.

Fyrirhugað er að stækka núverandi stöðvarhús og endurbæta vélakost. Einnig verður aðrennslisskurður breikkaður á 200 m kafla næst stöðvarhúsinu.

Hér er um að ræða aðgerðir sem eru alfarið við mannvirki sem þegar eru fyrir hendi og telur Umhverfisstofnun mjög jákvætt að reynt verði að nýta betur núverandi virkjanir í stað þess að virkja á algerlega nýjum svæðum.

Umhverfisstofnun telur að í tengslum við framkvæmdirnar verði farið yfir námur og önnur röskuð svæði og skoðað hvort unnt sé að bæta frágang svæðanna þar sem önnur viðhorf voru ríkjandi varðandi landmótun og frágang þega virkjunin var byggð.

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að fjallað sé um áhrif verkefnisins í umhverfismati á hraun í samræmi við lög nr. 60/2013 um náttúruvernd og vatn í samræmi við lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við deiliskipulagið.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson,  
**sérfræðingur**

Axel Benediktsson,  
**sérfræðingur**